

Við erum stödd hér til að kveðja Gísla Þór Þórarinsson sem horfinn er af þessum heimi langt fyrir aldur fram. Lífið er grimmt en samt svo dásamlegt. Mér kemur til hugar að lífið sé eyðslusamt, að sóun eigi sér stað þegar vænn og hæfileikaríkur maður er hrifin á brott í blóma lífsins. Hvers vegna fer lífið svona óvarlega með dýrmæti sín? Við kveðjum í dag góðan pilt sem naut lífsins og lagði sig fram um að vera traustur maður sem var til staðar fyrir fjölskyldu sína og vini alla tíð og stóð allar vaktir lífsins með sóma.

Ein sterkasta þrá sem býr í brjósti sérhvers manns er vonin um betri tíð, betri heim, nýjan himin og nýja jörð. Lífsverkefni vísa oft til þessarar vonar, starfsval og köllun bera því oft vitni að undir býr vonin um að geta lagt lífinu lið.

Í Gamla testamentinu segir að allt hafi sinn tíma, það sé tími til að hlægja og það sé tími til að gráta, það sé tími til að dansa og tími til að syrgja -rétt eins og í dag. Allt hefur sinn tíma, það hefur sinn tíma að lifa og það hefur sinn tíma að deyja. Allt sem gerist undir himninum hefur sinn tíma. Og líf manneskunnar rúmar allt sem gerist og er sannarlega hluti eilífðarinnar.

Á sama tíma er líf okkar svo smátt og veikburða. Hjartslátturinn og andardrátturinn sem við stjórnnum ekki einu sinni sjálf, heldur okkur á lífi. Þessi stórkostlega gjöf Guðs til okkar sem gefur okkur lífið, dag í senn, eitt andartak í einu.

Lífið er nefnilega gjöf og dagarnir eru taldir eins og segir í 139. sálmi Davíðs:

Augu þín sáu mig er ég enn var ómyndað efni,  
ævidagar mínir voru ákveðnir  
og allir skráðir í bók þína  
áður en nokkur þeirra var til orðinn.

Gísli Þór Þórarinsson var fæddur 1. september 1978 í Reykjanesbæ, hann lét lífið þann 27.apríl síðastliðinn í Mehamn Noregi.

Foreldrar Gísla voru Þórarinn Þorbergur Gíslason og Magnea Ósk Óskarsdóttir, þau eru bæði látin.

Unnusta Gísla var Elena Undeland hún á 2 börn, Gísla og Kristínu.

Gísli átti sjö systkin þau eru:

Óskar Guðjón Einarsson en hann lést 21.apríl 2015.

Margrét Þórarinsdóttir Palestini hún lést 22.febrúar 2017.

Heiða Bergþóra Þórðardóttir.

Gissur Hans Þórðarson maki hans er Kristín Jóna Hilmarsdóttir.

Stúlku Magneudóttur sem lifði aðeins einn dag á meðl okkar en hún fæddist 16.október 1973 og lést daginn eftir.

Inga Rose Þórarinsdóttir Livingstone.

Gunnar Jóhann Gunnarsson

Systkini Gísla eiga samtals 13.börn sem öll voru Gísla mjög kær og hjartfólgin.

Frændfólk Gísla sem reyndist honum afar vel, makar systkina hans, þeirra börn og vinir hans sem telja má til nánustu fjölskyldu hans eru mörg og minnst ég því sérstaklega á þau hér með kærleika og þakklæti án þess að telja þau upp með nafni.

Gísli var uppálinn í Njarðvíkum, hann bjó lengi framan af í Grænásnum en flutti síðan á Hlíðarveg 20 þar sem hann bjó ásamt mömmu sinni og Ingu Rose systur sinni. Lífið var ekki létt á þessum tíma en Gísla farnaðist vel í því sem hann tók sér fyrir hendur, elskaði að leika sér í bolta með vinum sínum og lærði fljótlega að bjarga sér sjálfur (*hann áttaði sig einhvern tíma á því að þegar flaggað var í hálfu stöng í kirkjunni þá var lag, hann laumaði sér þá inn og tók þátt í*

erfidrykkjum, naut þess að fá sér snittur, kökur og annað fíneri þrátt fyrir mikil mótmæli Ingu systur sinnar). Hann fór oft vestur á Ísafjörð á sumrin og naut þess að vera þar í sjoppunni Hamraborg sem fjölskylda hans þar átti. Þau reyndust honum vel og var hann alla tíð þakklátur fyrir það sem hann lærði hjá þeim. Gísli leið vel á Ísafirði og kom alltaf saddur og sáttur heim til Njarðvíkur í sumarlok. Sömuleiðis átti hann alltaf öruggt skjól hjá Imbu ömmu sinni, Ingibjörgu Sigurðardóttur skáldkonu, en hún reyndist honum, rétt eins og öðrum í fjölskyldunni afar vel og var klettur í hans lífi. Bræður hans Óskar og Hansi bjuggu hjá ömmu sinni og tóku vel á móti litla bróður þegar hann kom þangað. Gísli naut þess að vera hjá Imbu ömmu þar sem hann fékk ást, öryggi og umhyggju. Ingibjörg kenndi honum að treysta á trúna og ekki er fjarri lagi að áætla að Gísli hafi erfð hæfileika sinn til að tjá sig í rituðu máli frá ömmu sinni. Gísli var vinamargur strax á unga aldri og var vinsæll í hverfinu þar sem hann eignaðist sterka vináttu sem entist honum ævina en hann var hluti af sterkum nánnum vinahóp sem heldur hópinn enn þann dag í dag. Gísli varð fljótt heimagangur hjá vinum sínum en í foreldrum þeirra eignaðist hann dýrmæta stuðningsaðila.

Gísli flutti um tíma á Hjallaveginnum með mömmu sinni áður en hann keypti sér sína eigin íbúð í Fífumóanum í Njarðvík. Hann bjó einnig í nokkur ár í Vogunum en flutti síðan til Mehamn í Noregi þar sem hann bjó síðustu árin sín.

Gísli lauk hefbundinni skólagöngu, hann vann ýmis störf, vann um tímabil í Hollandi með bræðrum sínum Óskari og Hansa, hann starfaði við skemmtistaði bæjarins þar sem hann var dyravörður og plötusnúður, hann var tollafulltrúi hjá DHL í 5 ár. Hann lét síðan drauminn sinn rætast og síðustu árin stundaði hann sjó á eigin bát frá Mehamn í Noregi.

Gísli var ógiftur, fyrrverandi unnusta hans er Bríet Sunna Valdimarsdóttir.

Hann lætur eftir sig unnustu Elenu Undeland, hún á tvö börn, Gísli og Kristínu, sem Gísli hafði þekkt alla þeirra ævi og tekið ástfóstri við. Þau elskuðu að vera með Gísli rétt eins og hann með þeim, hann lék við þau, spilaði á gítarinn og söng og Kristín litla vildi helst ekki fara að sofa nema Gísli segði henni sögu og syngi fyrir hana. Elena sagði mér að hann hefði verið einstakur í sinn garð, hjá Gísli átti hún alltaf sitt skjól, sína öruggu höfn og það segir býsna mikið um hann sem mannkostamann.

Gísli elskaði íþróttir og þar voru körfubolti og fótbolti í fyrsta sæti og að sjálfsögðu var UMFN í forgrunni þar. Hann æfði sjálfur bæði fótbolta og körfu en valdi fótboltann fram yfir á unglingsárunum, hann spilaði með Njarðvík upp alla yngri flokkana og spilaði síðan með meistaraflokki félagsins til margra ára, hann og Hansi bróðir hans náðu að spila saman og var það án vafa dýrmætt fyrir þá báða. Gísli spilaði líka nokkra leiki með heimaliði í Hollandi þegar hann vann þar með bræðrum sínum. Gísli var líka félagsmaður fram í fingurgóma og lét UMFN sig miklu varða og tók að sér ýmiss verkefni fyrir félagið þar má nefna, þjálfun, dómgæslu og fjöldann allan af öðrum sjálfboðaliðastörfum.

Gísli var ekki bara UMFN maður heldur var hann líka Púllari af lífi og sál, það er ég viss um að hann, á þeim góða stað þar sem hann er núna, hafi beðið með öndina í hálsinum eftir úrslitum leikjanna á sunnudaginn síðasta að ég tala nú ekki um fögnuðinn eftir sigurinn á móti Barcelóna þar sem Liverpool gerði hið ómögulega og kom sér í úrslitaleikinn í meistaradeildinni.

Gísli var hæfileikaríkur, hann var ekki bara góður í boltanum hann var líka hæfileikaríkur tónlistamaður, hann var oft hrókur alls fagnaðar, lék á gítar, söng og var mjög liðtækur lagasmiður. Það er heldur engin tilviljun að við fáum að heyra sálartónlist hér í dag enda var „Sálin hans Jóns míns“ í miklu uppáhaldi hjá honum. Þegar Gísli var í grunnskóla var heimilisfræði eitt uppáhaldsfagið hans, hann naut þess alla tíð að elda og gerði það vel, ég veit að hann var hvattur til að leggja það fyrir sig en hann vildi frekar halda því sem áhugamáli.

Inga, Heiða og Elena sögðu mér líka frá því að hann hefði verið frábær kokkur, það hefði enginn verið betri en hann í að útbúa djúsi steik með bakaðri kartöflu og Bernaise sósu..

Systkinabörn Gísla eiga yndislegar minningar af frænda sínum sem passaði þau, Inga systir hans naut þess að eiga frábæra barnapíu í honum enda var hann barngóður og einn af þeim sem gleymdi aldrei vinum og frændsystkinum sínum á afmælum og jólum. Jafnvel þótt hann byggi erlendis hringdi hann alltaf og sendi ungviðinu í fjölskyldunni pakka. Fjölskyldan spilaði stóran þátt í lífi hans og hann naut þess að eiga í sambandi við systkini sín, Margréti á meðan hún var á lífi og bjó í Danmörku, Ingu systur sína í bandaríkjunum og Heiðu og Hansa hér heima, hann starfaði með yngsta bróður sínum og átti ágætis samband við Gunnar fósturföður sinn, bjó hjá honum um tíma og bauð honum til sín í mat allar hátíðir.

Gísli var stór karakter eins og maður segir. Hann átti auðvelt með að hrífa fólk með sér. Hann var hreinn og beinn, einlægur maður sem vildi öllum vel, hann var hjálpsamur og lagði sig fram um að sinna sínu fólki. Hann var maður orða sinna ef hann sagði eitthvað þá stóð það. Og hann var seigur, gafst aldrei upp. Gísli var maður með mikla réttlætiskennd og mátti aldrei aumt sjá, hann var orðheppinn húmoristi og einhvern tíma hélt hann úti bloggi sem þótti mjög skemmtilegt aflestrar. Hann naut þess að segja góðar sögur og var ástríðufullur fyrir því sem skipti hann máli, en fyrst og fremst var hann góður maður og gjafmildur, ekki bara á veraldlega hluti, heldur einnig á tímann sinn. Það lýsir honum kannski best sem manni hvað hann var í miklu uppáhaldi hjá fósturbörnum sínum og yngri systkinabörnum sínum.

Mig langar að ljúka þessum orðum með erindi úr texta eftir Gísla sem við munum svo heyra sunginn hér á eftir og síðan með ljóði eftir Imbu ömmu hans, Ingibjörgu Sigurðardóttur skáldkonu:

Hér er brot úr ljóðinu „Finndu mig“ eftir Gísla:

Finndu frið, finndu innri ró,  
Finndu ást þar sem af henni er nóg.  
Finndu mig, ég mun lýsa þína leið.

Ef myrkrið mun sækj“á“ þig,  
Loka stöðum sem áður birtu til, finndu mig og ég mun lýsa þína leið.  
Hafi vonin bjarta yfirgefið þig, haltu fast í trúna sem styður þig, finndu mig, já  
ég er ljós á þinni leið.

Finndu ró, finndu innri frið  
Finndu hljóm, sem þú unir við  
Finndu tón, sem þú heldur takti við.

Og að lokum ljóðið frá ömmu Gísla henni Ingibjörgu Sigurðardóttur:

Þitt hjarta geymdi gullið dýra og sanna  
Að gleðja og hjálpa stærst þín unun var.  
Því hlaust þú hylli Guðs og góðra manna  
Og göfugt líf þitt fagran ávöxt bar

Ég blessa nafn þitt blítt í sál mér geymi  
Og bæn til Guðs míns hjartans kveðja er.  
Hann leiði þig í ljóssins friðarheimi  
Svo lífið eilíft brosi móti þér.

Við kveðjum Gísla Þór í dag, með þökk og virðingu blessuð sé minning hans.  
Guð vonarinnar umvefji ykkur öll í sorginni og gefi ykkur frið svo þið séuð  
auðug að voninni í krafti heilags anda. Amen.